

Nefndasvið Alþingis

b.t. fjárlaganefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík



Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). Þingskjal 6, mál 6.

Sendandi: Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís

Dagsetning: 15.12.2016

Vísað er til umsagnar Ólafs G. Flóvenz, forstjóra Íslenskra orkurannsóknna (ÍSOR). Aðstæður Matís eru mjög svipaðar. Tekið er undir málaleitan Ólafs, um að opinberar rannsóknastofnanir, hvert sem form þeirra er, búi við sömu skilyrði (<http://www.althingi.is/altext/erindi/146/146-15.pdf>).

Sú nálgun sem lagt er upp með í frumvarpinu, þ.e. að Matís verði gert að endurgreiða upphafsframlag í LSR, er verulega íþyngjandi. Óljóst er hversu íþyngjandi hún er, enda er afar óljóst hversu háar upphæðir er um að ræða. Afar óheppilegt er að kostnaður sem falla ætti til á einstaka ríkisaðila sé ekki ljós, þegar frumvarpið er lagt fram.

Ljóst má þó vera að Matís, sem rekið er á „kostnaðargrunni“, þ.e. ekki í hagnaðarskyni, getur ekki staðið undir verulegum skuldbindingum vegna þessa og munu þær skuldbindingar sem kunna að verða lagðar á, rýra möguleika okkar til uppbyggingar innviða og framþróunar. Slíkt mun fyrst og fremst koma niður á íslensku atvinnulífi, en Matís hefur á sl. árum náð mjög góðum árangri í sókn í alþjóðlega samkeppnissjóði. Sú sókn hefur haft í för með sér að umtalsvert fjármagn hefur komið erlendis frá til íslenskrar nýsköpunar og jafnframt haft í för með sér að hlutfall þjónustusamnings af heildartekjum Matís við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er mun lægra en annars hefði verið. Miðað við frumvarpið, mun þessi árangur nú koma Matís í koll, enda hefði ekki verið gert ráð fyrir endurgreiðslu upphafsframlagsins ef stærri hluti okkar fjármögnunar kæmi beint frá ríkinu. Slík nálgun mun hafa alvarleg áhrif að mínu mati, beinlínis letja til framþróunar Matís og annarra ríkisaðila, enda eru skilaboðin þau að þeir sem hafa lagt vinnu og metnað í að afla fjármagns frá fyrirtækjum og samkeppnissjóðum innanlands og á alþjóðlega vísu, skuli bera hærri kostnað en ef stefna okkar hefði verið að láta „ríkisframlag“ duga og þar með vera síður í stakk búin að sinna hlutverki okkar um að auka verðmæti matvælaframleiðslu, bæta matvælaöryggi og bæta lýðheilsu. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra.

Ég vil taka undir tillögur Ólafs G. Flóvenz um breytingar á frumvarpinu.

Virðingarfyllt,

Sveinn Margeirsson, forstjóri

